

62. þing Sundsambands Íslands  
Efstaleiti 7, Reykjavík  
24. og 25. mars 2017

Þingskjal nr: 2017 - 10

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017

samþykkir meðfylgjandi tillögur til breytinga á lögum sambandsins. (ath! Breytingar einkenndar með rauðu og yfirstrikunum)

12. grein

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum frá kjörnefnd a.m.k. mánuði fyrir sundþing, **þá skulu öll framboð til stjórnar SSÍ liggja fyrir.**

~~Að auki skal Stjórn SSÍ tilnefna skipar formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar og staðfestir stjórn skipan í starfsnefndir sem starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands og skal starfsmaður SSÍ eða einn stjórnarmaður taka sæti í hverri nefnd. Stjórn skipar einnig formenn nefnda og skulu Starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn skulu ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á.~~

**Aga og siðanefnd**

**Fræðslu- og kynningarnefnd**

**Kjörnefnd**

**Landsliðsnefnd**

**Dómara-, móta- og tækninefnd**

**Sundíþróttanefnd**

**Þjálfaranefnd**

Aðrar nefndir sem stjórn SSÍ telur nauðsynlegt að taki til starfa Stjórn skipar nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt stjórnar SSÍ á hverjum tíma.

**Íþróttamannanefnd SSÍ er skipað 5 einstaklingum úr afrekshópum félaga innan SSÍ. Stjórn SSÍ stendur fyrir kosningu í Íþróttamannanefndina innan mánaðar frá því að sundþingi lýkur.**

**Íþróttamannanefnd SSÍ getur lagt mál fyrir stjórn SSÍ og á seturétt undir fyrsta lið hvers stjórnarfundar. Sundsamband Íslands er aðili að dómstólaskipan ÍSÍ, án þess að gildandi séu sérákvæði.**

**Greinargerð:**

Þegar ákvæðið um kjörnefnd var sett í 12. grein á sínum tíma var það skilningur margra að þar með þyrftu framboð að liggja fyrir mánuði fyrir sundþing. Hins vegar er ágreiningur um þann skilning og því er breyting á fyrstu málsgrein til að koma í veg fyrir misskilning.

Í öðru lagi þá var orðalag greinarinnar um starfsnefndir og skipan í þær orðið frekar ruglingslegt og eitthvað um endurtekingar í því og þess vegna lögð til breyting á orðalagi til einföldunnar, en er ekki efnisbreyting í sjálfu sér.

Megintillaga um breytingu á 12. grein snýst hins vegar um nýjan nefnd, Íþróttamannanefnd SSÍ.

Tillagan verður til eftir að Hrafnhildur Lúthersdóttir og fleiri komu með hugmyndir um einhvers konar beina aðkomu íþróttafólksins sjálfs í stjórn SSÍ á málþingi SSÍ í febrúar. Skoðað var hvernig önnur sambönd hefðu komið þessu fyrir hjá sér og kom í ljós að fá ef nokkur hafa tekið þetta upp, þannig að SSÍ verður eins og oft áður í fararbroddi með breytingar ef þessi tillaga er samþykkt. Í Ólympíuhreyfingunni og FINA eru til svokallaðar Athletes Committies og það hefur verið þrýst á það frá alþjóðasamtökunum að þjóðirnar komi þessu í fastar skorður hjá sér. ÍSÍ er ennþá að forma ramman utan um breytingar hjá sér, þannig að hugmynd um Íþróttamannanefnd SSÍ er gott og virkt skref til að taka þar til við sjáum hvernig niðurstaða ÍSÍ verður.

**62. þing Sundsambands Íslands  
Efstaleiti 7, Reykjavík  
24. og 25. mars 2017**

**Þingskjal nr: 2017 - 10**

Í tillögunni felst að 5 einstaklingar taki höndum saman eftir að hafa verið kosin af virku sundfólki til að stytta boðleiðir frá sundfólki til stjórnar SSÍ og til baka. Langflestir þeirra sem rætt var við töldu að það væri ekki samrýmanlegt þeim reglum sem við vinnum eftir að kjósa sérstakan einstakling inn í stjórn sársambands sem sérstakan fulltrúa íþróttafólksins, það gæti boðið upp á hagsmunaárekstra, tortryggni og óþarfaálag á viðkomandi. Þess vegna þótti rétt að gera tillögu um 5 einstaklinga sem hefðu ótvíræðan rétt á beinum samskiptum við stjórn SSÍ á stjórnarfundum sambandsins. Tillaga að reglum um kosningar viðkomandi einstaklinga er lögð sérstaklega fram.